Fimmtudaginn 1. apríl 1982.

Nr. 81/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Sigurbjarti Jónssyni.

Kærumál. Húsleit. Handtaka. Kærufrestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 28. mars 1982, sem barst Hæstarétti 31. s. m., í því skyni, að því er ætla verður, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp 27. mars, kl. 1152. Varnaraðilja var birtur úrskurðurinn sama dag, kl. 1200. Kæra varnaraðilja er dagsett 28. mars, en gögn máls sýna, að hún kom ekki í hendur dómara fyrr en 29. mars, kl. 1415. Þá var kærufrestur liðinn samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 27. mars 1982.

Ár 1982, laugardaginn 27. mars, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er á skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33 í Keflavík af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með beiðni, dagsettri í dag, hefur vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins krafist þess, að rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) verði með úrskurði heimilað að framkvæma húsleit á heimili Einars Sigurbjarts Jónssonar að Kirkjuvegi 28 í Keflavík í því skyni að leggja hald á sakargögn, er þar kynnu að finnast og tengst gætu ætluðum brotum hans á 155. og 248. gr. alm. hegn-

ingarlaga nr. 19/1940, svo og að nefndur Einar verði handtekinn og færður til skýrslutöku, dvelji hann á ofangreindum stað.

Í greinargerð RLR með framangreindri kröfu kemur fram, að því embætti hafi borist kærur á hendur Einari S. Jónssyni vegna viðskipta með fjórar bifreiðar og ætlaðra fjársvika hans í því sambandi:

1. Með bréfi, er borist hafi RLR 11. þ. m., hafi Hafsteinn Hafsteinsson hæstaréttarlögmaður farið þess á leit f. h. Sigurjóns Símonarsonar, Suðurgötu 14, Reykjavík, að fram færi opinber rannsókn vegna ætlaðra fjársvika í bifreiðaviðskiptum.
2. Með bréfi, er borist hafi RLR 24. þ. m., hafi Hafsteinn Hafsteinsson hæstaréttarlögmaður f. h. Bjarna Hákonarsonar, Sólheimum 35, Reykjavík, lagt fram kæru vegna svika við bifreiðaviðskipti.
3. Hjá RLR sé til meðferðar kæra Eiríks Tómassonar héraðsdómslögmanns f. h. Vilmundar S. Þorgrímssonar og Árna Níelssonar á hendur Einari S. Jónssyni vegna ætlaðra svika hans í sambandi við viðskipti með tvær bifreiðar.

Við rannsókn málsins hafi Jón Magnússon, Stóra-Ási, Borgarfirði, borið, að hann hefði keypt tvær þessara bifreiða og greitt fyrir þær með víxlum, er Einar S. Jónsson hefði fengið sér, í annað skiptið sem milligöngumaður Einars um kaupin, og hefði Einar þá lagt á það ríka áherslu við sig að rita ekki nafn sitt á víxlana.

Jafnframt þessu hafi nefndur Jón borið, að hann hefði oft verið staddur að Kirkjuvegi 28 í Keflavík, þar sem ýmsir óreiðumenn hefðu komið og útfyllt víxla fyrir Einar, oft gegn þóknun, og hafi víxlunum verið komið í verð með bifreiðaviðskiptum.

Þá hafi nefndur Jón borið, að skjöl varðandi framangreind bifreiðaviðskipti væru geymd að Kirkjuvegi 28 í Keflavík.

Í umræddri greinargerð RLR kemur fram, að með kæru Eiríks Tómassonar héraðsdómslögmanns hafi fylgt endurrit úr skiptabók Reykjavíkur, þar sem fram komi, að bú Einars S. Jónssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 27. maí 1980 og skiptum lokið 18. júní s. á., án þess að nokkuð hafi komið upp í kröfu skiptabeiðanda.

Flestir þeir víxlar, er um ræðir í framangreindum bifreiðaviðskiptum, eru gjaldfallnir og ógreiddir.

Með vísan til framanritaðs er fram kominn grunur um, að Einar S. Jónsson hafi gerst brotlegur við 248. gr. alm. hegn-

ingarlaga nr. 19/1940 og gæti sú háttsemi varðað hann fangelsisrefsingu, ef sönnuð þætti. Af framlögðum gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið, að hann hafi gerst brotlegur við 155. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir með skírskotun til 1. mgr. 48. gr., sbr. 43. gr., og 49. gr., sbr. einnig 51. og 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 bera að heimila RLR að framkvæma húsleit í hýbýlum Einars S. Jónssonar að Kirkjuvegi 28 í Keflavík í því skyni að leggja hald á sakargögn, er þar kynnu að finnast og ætla má að tengist ætluðum brotum hans, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stað.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins er heimilt að framkvæma húsleit í híbýlum Einars Sigurbjarts Jónssonar að Kirkjuvegi 28 í Keflavík í því skyni að leggja hald á sakargögn, sem þar kunna að finnast og ætla má að tengist ætluðum brotum hans, og handtaka hann, ef hann dvelst á ofangreindum stað.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.